



255. Stjórnarfundur haldinn 18. okt. 2005 kl:18:00

Mættir: Einar, Kári, Þórður, Sigurvin, Birgir, Sveinn, og Bjarney.

1. Fundargerð síðasta fundar.

Engar athugasemdir.

2. Innkomin bréf.

Bréf frá UMFÍ. Þinggögn fyrir 44. þing UMFÍ ásamt kjörbréfi.

Bréf frá knattspyrnudeild félagsins v/ sameiningarmála við Njarðvík. Ásmundur Friðriksson setur hugmyndir að sameiningu á blað til kynningar fyrir aðalstjórn. Einari H., Sigurvini G og Birgir I. er falið að svara erindinu.

3. Send bréf.

Bréf sent til Geirmundar Kristinssonar sparisjóðstjóra Spkef v/ lánatöku knattspyrnudeildar og afrit til knattspyrnudeildar félagsins og Grétars G. í Spkef. Bréf sent til deilda v/ greina í jólablað félagsins. Skilafrestur er til 4. nóv.

4. 44. sambandsþing UMFÍ 22. – 23. okt. 2005.

Farið yfir ferðatilhögun og þær tillögur sem liggja fyrir þingið. Stjórnarmönnum finnst tillögur HSK-manna frekar harkalegar og skilja ekki alveg tilganginn með þeim eða hvað er það sem býr í brjósti þeirra.

5. Málefni knattspyrnudeildar félagsins.

Rætt um málefni deildarinnar og framtíð knattspyrnunnar. Ákveðið að Einar H., Kári G. og Þórður M. K. verði falið að ganga frá málum í samningum við Sparisjóðinn í Keflavík og Reykjanesbæ.

6. Önnur mál.

Einar sagði frá því að búið væri að gera tvo samninga annars vegar við 365 ljósvakamiðla um stöð-2 og sýn í félagsheimili okkar og samstarfssamning við Heiðarskóla varðandi valgrein íþróttir 9. og 10. bekkjar.

Ný tímatafla fyrir íþróttahúsin en með tilkomnum tímum í Íþróttakademíunni sem voru úthlutaðir til körfuknattleiksdeildar þá losnaði um mikið af tímum í íþróttasölum við Sunnubraut, Heiðarskóla og Myllubakkaskóla.

Knattspyrnudeild félagsins var með hóf sem hún var að þakka stuðningsaðilum fyrir og færði aðalstjórn fallegan grip með þakklæti fyrir góðan stuðning sem Einar H. veitti móttöku.

Fleira ekki gert fundi slitið kl. 19:25.

